

Y/25.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Skýrslu gerir Birgir Sigmundsson lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík - fimmtudaginn 29. ágúst 2002 - kl. 12:07		
Sakarefni: Fjárdráttur - umboðssvik		
Sakborningur/grunaður: Jóhannes Jónsson	Kennitala: 310840-3009	
Starf/staða: verslunamaður	Vinnusími: 894 1777	
Lögheimili: Hrafnabjörg 4, 600 Akureyri	Sími: 461 2004	
Dvalarstaður: sami	Sími:	

Jóhannes er mættur til yfirheyrslu hjá efnahagsbrotadeild RLS samkvæmt boðun. Honum er kynnt sakarefnið, að hann sé grunaður um aðild að fjárdrætti og umboðssvikum. Ætluð brot tengjast fjármögnun og rekstri skemmtisnekkjunnar Thee Viking sem staðsett er í höfninni í Miami í Flórída, á árunum 2000 – 2002, en grunur leikur á að miklum fjármunum úr sjóðum Baugs hafi verið ráðstafað til að greiða fyrir persónulegan eignarhlut Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Jóhannesar Jónssonar í snekkjunni.

Jóhannesi er kynnt að honum sé óskýlt að svara spurningum um sakarefnið eða skýra sjálfstætt frá nokkru er það varðar. Ennfremur, að hann eigi rétt á að óska skipunar verjanda við lögreglurannsókn málsins.

Jóhannes kveðst óska skipunar Einari Þór Sverrissyni hdl., sem með honum er mættur, sem verjanda síns og er reiðubúinn að svara spurningum að Einari viðstöddum.

Jóhannes er áminntur um, kjósi hann að svara spurningum, að segja satt og rétt frá og draga ekkert það undan er máli kynni að skipta.

Jóhannes er beðinn um að taka afstöðu til sakarefnisins.

Jóhannes segir að sér sé algjörlega ókunnugt um að þannig sé í pottinn búið, eins og fram kemur hér að framan.

Jóhannes er beðinn um að gera grein fyrir aðkomu sinni að viðskiptum með bátinn Thee Viking sem staðsett er í Miami í Flórída.

Jóhannes kveðst ekki hafa nýtt sér umræddan bát nema í 6 vikur frá því hann var keyptur fyrir u.þ.b. 4 árum, en Jón Gerald hafi annast bátinn og nýtt hann mjög mikið í eigin þágu. Jóhannes segir að allir fjármunir sem frá honum hafi komið vegna kaupa og rekstrar þessa báts, séu í bókhaldi Gaums hf., sem sé eignarhaldsfélag í eigu Jóhannesar og fjölskyldu hans. Jóhannes telur að Gaumur hafi lagt fram u.þ.b. 38 milljónir króna.

Jóhannes er beðinn um að skýra frá stöðu sinni og starfssviði hjá Baugi Group hf.

Jóhannes kveðst vera stjórnarmaður og hans megin verksvið felist í umsýslu og ráðgjöf gagnvart smásöluverslunum félagsins hér á landi og í Færeyjum.

Jóhannes er spurður hvort hann hafi eitthvað með reikningsfærslu eða greiðslu reikninga að gera hjá Baugi hf.

06780

Jóhannes kveðst ekki koma nærri þeim málum.

Jóhannesi er kynnt að efnahagsbrotadeild RLS hafi verið afhent bókhaldsgögn frá Jóni Geraldí Sullenberger sem sögð eru varða fjármögnun og rekstur bátsins Thee Viking fyrir árið 2002. Í þeim gögnum eru sölureikningar frá fyrirtækinu Nordica Inc. í Flórída sem bera með sér að hafa verið greiddir úr sjóðum Baugs hf. Um er að ræða eftirfarandi greiðslur:

Greiðslur frá Baugi - Árið 2002.

Dagsetning	Fjárhæð USD	Greiðandi	Móttakandi
14.01.2002	12.438,81	Baugur	Nordica Inc.
12.02.2002	12.313,58	Baugur	Nordica Inc.
14.03.2002	11.980,00	Baugur	Nordica Inc.
05.04.2002	11.980,00	Baugur	Nordica Inc.
03.05.2002	11.980,00	Baugur	Nordica Inc.
29.05.2002	16.789,00	Baugur	Nordica Inc.
Samtals greitt:	77.481,39		

Jóhannes er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf til Nordica Inc.

Jóhannes kveðst vera ókunnugur einstökum reikningsfærslum og því ekki þekkja þessar greiðslur, en viti að Baugur hafi greitt reglulega vegna rekstrar vöruhúss sem Nordica hafi rekið vegna viðskipta við Baug, en þurft hafi að stofna vöruhúsið vegna nýlegra laga um merkingar á vörum á EES svæðið. Ekki kveðst Jóhannes vita hvaða fjárhæðir hafi verið greiddar, en viti að stutt hafi verið umtalsvert við bakið á Jóni Gerald / Nordica. Megi því segja að sjaldan launi kálfur ofeldið.

Jóhannesi er kynnt að efnahagsbrotadeild RLS hafi jafnframt verið afhent bókhaldsgögn sem sögð eru varða fjármögnun og rekstur bátsins Thee Viking fyrir árið 2001. Í þeim gögnum eru sölureikningar frá fyrirtækinu Nordica Inc. í Flórída sem bera með sér að hafa verið greiddir úr sjóðum Baugs hf. Um er að ræða eftirfarandi greiðslur:

Greiðslur frá Baugi - Árið 2001.

Dagsetning	Fjárhæð USD	Greiðandi	Móttakandi
31.01.2001	12.247,50	Baugur	New Viking Inc.
14.02.2001	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.
14.02.2001	2.310,83	Baugur	New Viking Inc.
09.03.2001	11.985,00	Baugur	New Viking Inc.
11.04.2001	15.798,23	Baugur	New Viking Inc.
07.05.2001	11.975,00	Baugur	New Viking Inc.
12.06.2001	12.000,00	Baugur	Nordica Inc.
27.07.2001	11.980,00	Baugur	New Viking Inc.
02.08.2001	12.760,00	Baugur	New Viking Inc.
18.09.2001	14.157,67	Baugur	New Viking Inc.
03.10.2001	13.189,99	Baugur	New Viking Inc.

13.11.2001	11.980,00	Baugur	Nordica Inc.
05.12.2001	12.227,00	Baugur	Nordica Inc.

Samtals greitt: 154.588,72

Jóhannes er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf til Nordica Inc.

Jóhannes vísar til svars síns hér að framan, honum sé ókunnugt um einstakar reikningsfærslur.

Jóhannesi er kynnt að efnahagsbrotadeild RLS hafi jafnframt verið afhent bókhaldsgögn sem sögð eru varða fjármögnun og rekstur snekkjunnar Thee Viking fyrir árið 2000. Í þeim gögnum eru sölureikningar frá fyrirtækinu Nordica Inc. í Flórída sem bera með sér að hafa verið greiddir úr sjóðum Baugs hf. Um er að ræða eftirfarandi greiðslur:

Greiðslur frá Baugi - Árið 2000.

Dagsetning	Fjárhæð USD	Greiðandi	Móttakandi
24.01.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
02.03.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
28.03.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
18.04.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
15.05.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
31.05.2000	139.155,51	Baugur	Nordica Inc.
16.06.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
17.07.2000	11.977,50	Baugur	Nordica Inc.
21.08.2000	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.
13.09.2000	11.977,50	Baugur	Nordica Inc.
10.10.2000	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.
17.10.2000	615,81	Baugur	New Viking Inc.
09.11.2000	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.
26.12.2000	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.

Samtals greitt: 259.501,32

Jóhannes er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf til Nordica Inc.

Jóhannes vísar til svars síns hér að framan, honum sé ókunnugt um einstakar reikningsfærslur.

Jóhannesi er bent á að í bókhaldi Jóns Geralds vegna bátsins séu útgefnir reikningar í nafni Nordica Inc stílaðir á Baug hf en greiddir inn á bankareikning New Viking Inc í Bandaríkjunum. Hann er spurður hvort hann geti skýrt það.

Jóhannes kveðst ekkert um þetta vita.

Jóhannesi er einnig kynnt að lögregla hafi fengið afhenta útprentun úr tölvupósti Jóns Geralds Sullenberger sem varði tölvusamskipti Tryggva við Jón Gerald vegna bátsins.

Undir Jóhannes er borin útprentun úr tölvupósti, skjal málsins nr. II/7.2, sem virðist hafa verið sendur úr netfanginu tryggvi@baugur.is og sendur á Jón Gerald Sullenberger þann 8. maí 2002. Þar má lesa í greinaskilum sem merkt eru 3.:

“3. Samkvæmt efnahagsreikningi New Viking nema skuldir í árslok 2001 \$774 þús. Á því ári voru greiddar \$144 þús. í reksturinn, þar af fóru \$56 þús. í afborganir og fjárfestingar, \$55 þús. í vexti og rest í rekstarkostnað. Skuldir í ársbyrjun voru því \$816 þús. Sama gildir með árið 2000, þ.e. afborganir og rekstur hefur verið greiddur héðan.”

Jóhannes er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessu, en ekki er hægt að lesa annað úr út þessum texta en að Tryggvi sé að tala um greiðslur vegna afborgana og reksturs bátsins á Flórída.

Jóhannes kveðst ekki geta skýrt þetta.

Undir Jóhannes er áfram borin útprentun úr sama tölvupósti, skjal málsins nr. II/7.2, sem virðist hafa verið sendur úr netfanginu tryggvi@baugur.is og sendur á Jón Gerald Sullenberger þann 8. maí 2002. Þar má lesa áfram lesa í texta sem virðist stafa frá Tryggva eftirfarandi:

“Ég legg því til að þú fái \$ 200 þús. (fyrir bátinn) Miðað við \$ 1.400 þús. verðmæti þýðir þetta 37% eignarhlut miðað við ársbyrjun 2000, en frá þeim tíma hefur kostnaður verið greiddur hér að mestu. Þetta er umtalsvert hærrí eignarhlutur en þú fóst upphaflega fram á, svo ekki sé minnst á hugmyndir JAJ í því sambandi. Ég vona að þér finnist þetta sanngjörn lausn.”

Jóhannes er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessu, en ekki er hægt að lesa annað úr út þessum texta en að hann sé að tala um greiðslur vegna kostnaðar við bátinn hafi verið greiddar af Baugi hf.

Jóhannes kveðst ekki geta skýrt þetta.

Undir Jóhannes eru borin tölvusamskipti, skjal málsins nr. II/7.3, sem virðast hafa átt sér stað milli Tryggva og Jóns Geralds þann 13. maí 2002. Tryggva virðist berast tölvupóstur frá Jóni Geraldi þar sem segir:

“Sæll Tryggvi báturinn var að koma úr slipp, þetta er það árlega sem þarf að gera or er þetta total \$ 16,808,80 hvernig viltu að ég sendi þér reikninginn.”

Jafnframt er undir Jóhannes borið svar Tryggva við þessum tölvupósti frá Jóni Geraldi, sent sama dag:

“Var ekki gert ráð fyrir þessu í \$12.000 fjárhæðinni? Ég hélt að þegar við vorum að ákveða þá fjárhæð þá hefðum við tekið allan rekstrarkostnaðinn með. Þar með talið þetta. Er þetta misskilningur hjá mér?”

Jóhannes er spurður hvort hann hafi eitthvað um þessi tölvusamskipti Tryggvi og Jóns Geralds að segja.

Jóhannes kveðst ekki geta skýrt þetta.

Undir Jóhannes eru borin skjöl málsins nr. II/3.32.1 - 3.32.3 en það er símbref Nordica Inc til Baugs hf dagsett 22.05.2002, reikningur Nordica Inc til Baugs að fjárhæð 16.808,80 dagsettur 22.05.2002 og staðfesting frá Bank of America á swift greiðslu til Nordica Inc frá Baugi hf þann 29.05.2002. Jóhannes er spurður hvort hann geti skýrt þessa greiðslu, en ekki verður annað séð en um sé að ræða reikning vegna slippkostnaðar á bátnum.

Jóhannes kveðst ekki geta skýrt þetta.

Jóhannesi er kynnt að lögregla hafi framburð frá Jóni Geraldi þar sem hann skýri frá því að hann hafi tekið við greiðslum frá Baugi hf vegna afborgana og reksturs bátsins Thee Viking. Einnig hafi hann

afhent lögreglu tölvusamskipti sín við Tryggva sem ekki sé hægt að lesa annað út úr en að verið sé að tala um fjármögnun Baugs hf á rekstri bátsins. Auk þess tölvupóst þar sem nefnd er sérstaklega fjárhæðin 16.808,80 vegna slippkostnaðar varðandi bátinn, símbréfi Nordica Inc til Baugs hf varðandi sömu fjárhæð, sölureikningur Nordica Inc til Baugs með sömu fjárhæð og greiðslustaðfesting frá Bank of America um að Baugur hf hafi greitt umrædda fjárhæð til Nordica Inc.

Jóhannes er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Jóhannes kveðst ekki geta skýrt þetta.

Áfram er borið undir Jóhannes tölvusamskipti, skjal málsins nr. II/7.4, sem virðast vera milli Tryggva og Jóns Geralds. Um er að ræða tölvupóst frá Tryggva úr netfanginu tryggvi@baugur.is þann 12. maí 2002. Þar kemur eftirfarandi fram:

“Ég er búinn að ræða þessar hugmyndir við feðgana og samþykkja þeir tillöguna. Næsta skref er að ganga frá pappírsmálum, einkum vegna Thee Viking. Jafnframt verða skuldir yfirteknar, sem þú ert í ábyrgð fyrir.

Samtal eru þetta \$350 þús. sem á að greiða þér auk þess að losa þig undan ábyrgðum. Á móti kemur yfirlýsing frá þér um að allar skuldbindingar okkar vegna Nordica séu uppperðar og síðan framsal hlutabréfanna. Ég fer í það á morgun að útvega bankaábyrgðir vegna Thee Viking og hef síðan samband við lögfræðinginn sem við hittum til að klára pappírsmálin.”

Jóhannes er spurður hvort hann geti skýrt þessi tölvusamskipti.

Jóhannes kveðst ekki geta skýrt þetta - hann muni a.m.k. ekki eftir þessu.

Jóhannes er spurður að ástæðu þess að Tryggvi sem fjármálastjóri Baugs hf sé að ræða uppgjör á bátnum við Jón Gerald, bát sem sagður er einkaeign Jóhannesar, Jóns Ásgeirs og Jóns Geralds.

Jóhannes kveðst telja líklegt að Tryggvi hafi tekið að sér samskipti vegna bátsins að einhverju leyti, enda Tryggvi í reglulegum samskiptum við Jón Gerald vegna mikilla viðskipta við Baug. Að öðru leyti kveðst Jóhannes ekki geta skýrt þetta.

Jóhannes er spurður um aðdraganda að kaupum Thee Viking - hve mikið hver og einn kaupenda hafi lagt fram og hver sé núverandi eignaraðild að umræddum bát.

Jóhannes segir að fyrir 7 – 8 árum hafi verið keypur fyrsti báturinn, en Thee Viking sé sá 3ji. Jóhannes segir framlag Gaums hf. vera u.þ.b. 38 milljónir króna, sem sé heildarframlag vegna allra 3ja bátanna frá upphafi, vegna kaupa bátanna, afborgana af lánum og rekstrar hverju sinni. Hann segir að Gaumur hf. sé eigandi að Thee Viking á móti Jóni Gerald. Eignarhlutdeild sé óljós, en Jóhannes telur ekki fjari lagi að telja að Gaumur hf. eigi u.þ.b. 80% hlut í bátnum á móti Jóni Gerald, sem hafi lítið lagt af mörkum annað en vinnuframlag.

Aðspurður kveðst Jóhannes ekki vita hvort rætt hafi verið við Jón Gerald um að kaupa hann út úr eignaraðild að Thee Viking - það kunni þó að hafa verið gert eftir að vinslit hafi orðið fyrr á þessu ári.

Jóhannes segir, varðandi vinslitin, að Jón Gerald hafi í símtali við hann í áliðunum júní s.l., undir miðnætti, mjög æstur, sagt að væntanlega sé það síðasta símtalið sem hann eigi við Jóhannes og sagði síðan orðrétt : “Þú skalt vera góður við son þinn, því hann á skammt eftir ólifað því ég mun koma til landsins og myrða hann.” Jóhannes segir að sér hafi brugðið illa við þetta, en síðan hafi þannig viljað til, að þeir Jón ‘Asgeir og Jón Gerald hafi aldrei verið samtímis á Íslandi, en sé Jón Gerald hér á landi nú, muni hann hugleiða að kæra þessar alvarlegu hótanir til lögreglu.

Undir Jóhannes er borið skjal málsins nr. II/7.11, en það er útprentun á tölvupóstsamskiptum sem Tryggvi átti við Jón Gerald þann 17. mars 2001, en þar má lesa eftirfarandi úr tölvupóstinum frá Jóni Gerald til Tryggva:

“Sæll Tryggvi getur þú látið mig vita hvort þú ert að senda fyrir viking þar sem ég er búinn að ganga frá öllu og svo er báturinn í slipp og ég þarf að ganga frá því í næstu viku.”

Þá má einnig sjá svar Tryggva við tölvupóstinum frá Jóni Gerald:

“Ég hef sent frá mér alla reikningana (löngu áður en ég kom út). Það á því örugglega að vera búinn að greiða allt. Ég mun double tékka á mánudag.”

Jóhannes er beðinn um að taka afstöðu til þessara samskipta þeirra Jóns Gerald og Tryggva.

Jóhannes kveðst ekki geta skýrt þetta.

Undir Jóhannes er borið skjal málsins nr. II/7.14 sem er útprentun úr tölvupóstsamskiptum sem Kristín Jóhannesdóttir virðist hafa átt við Jón Gerald en þar kemur eftirfarandi fram í tölvupósti:

“ Sæll.

Ég hef ekkert fengið frá þér vegna Visareikn. Reikn. sem er til greiðslu nú um mánaðarmót er um kr. 195.000.- Ég átta mig ekki á þessum kostnaði þar sem þú færð senda \$12.000 á mánuði frá Tryggva til greiðslu á bátakostnaði. Ég er að greiða um það bil kr. 2,4 millj. á ári í Visareikn. vegna báts. Ég vil fá skýringar á þessu sundurliðanir á kostnaði (afborganir, viðhald, kostn. vegna bátalegu) allt sem viðkemur þessum bát. Við skulum fá þetta á hreint.

*Kveðja,
Kristín.”*

Jóhannes er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Jóhannes kveðst ekki geta skýrt þetta.

Undir Jóhannes er borið skjal málsins nr. II/5.3 sem er ritvinnsluskjal með minnispunktum varðandi snekkjuna. Á blaðið hafa einnig verið skrifaðar athugasemdir og fjárhæðir. Jóhannes er spurður hvort hann þekki skjalið.

Jóhannes kveðst ekki þekkja þetta skjal.

Jóhannes er spurður út í félagið Miramar sem nefnt er í skjali II/5.3 varðandi afsal á 70 - 75% eignarhluta í Thee Viking til Miramar.

Jóhannes kveðst ekki geta skýrt þetta.

Jóhannesi er kynnt að Jón Gerald hafi í sínum framburði hjá lögreglu skýrt frá því að þeir Jón Gerald, Jóhannes, Jón Ásgeir og Tryggvi hafi farið til Bahamas og þar hafi þeir Tryggvi, Jóhannes og Jón Ásgeir stofnað þetta félag Miramar. Jóhannes er spurður hvort svo hafi verið.


Jóhannes kveðst ekki þekkja nafnið Miramar - en muni að þeir hafi einhverju sinni skoðað möguleika á stofnun félags á Bahamas, en hvort varð af stofnun félags þar, eða hvað það hafi þá verið nefnt, kveðst Jóhanes ekki muna.

Jóhannes er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.


Jóhannes segir svo ekki vera.

Skýrslutöku lauk kl. 13.35.


Staðfest rétt eftir haft:


Jóhannes Jónsson

Skýrsluna skráði:


Birgir Sigmundsson

Viðstaddur skýrslutöku, yfirllestur og undirritun :


Einar Þór Sverrisson hdl.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	V/2.7	
Staður og stund: Mánudagur 27. júní 2005 kl. 15:54 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Ætlaður fjárdráttur – brot á lögum um bókhald.			
Sakborningur/grunaður: Jóhannes Jónsson	Kennitala: 310840-3009		
Starf/staða: Verslunarmaður	Vinnusími:		
Lögheimili: Hrafnabjörg 4, Akureyri	Sími:		
Dvalarstaður:	Sími:		

Jóhannes Jónsson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og í tengslum við fjármögnun og rekstur bátsins Thee Viking á Miami í Flórída, á árunum 1999-2002.

Jóhannes nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Jóhannesi er kunngerð réttarstaðan um að honum sé óskýlt að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hann verður yfirheyrður um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brynt er fyrir Jóhannesi að ef hann kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991. Jóhannesi er enn fremur kunnert að hann þurfi ekki að skýra frá atriðum sem kunna að varpa sök á venslamenn hans.

Aðspurður segir Jóhannes að hann skilji þau ákvæði réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn. Með Jóhannesi er mættur Einar Þór Sverrisson, héraðsdómslögmaður og dómskipaður verjandi Jóhannesar við opinbera rannsókn málsins.

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslunni er Grímur Grímsson, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Jóhannes og svör hans við þeim síðan bókuð eftir honum í óbeinni ræðu.

Jóhannesi er kynnt að í þágu rannsókna á ætluðum kaupum hans og Jóns Ásgeirs á bátnum Thee Viking á Miami í Flórída með Jóni Geraldí Sullenberger árið 1999 hafi lögregla meðal annars aflað gagna úr bókhaldi Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. sem og frá Bónus sf. varðandi útgefna reikninga frá Nordica Inc. á árunum 1996-1999 sem stílaðir voru á umrædd félög, greiddir og færðir í bókhald. Byggist sú rannsókn á framburði Jóns Geraldís, en hann hefur gefið þær skýringar hjá lögreglu um forsögu málsins að bátaviðskipti hans, Jóns Ásgeirs og Jóhannesar ná allt aftur til ársins 1996 þegar þeir Jón Gerald og Jón Ásgeir hafi keypt bátinn Icelandic Viking I, árið 1997 hafi þeir þrír keypt bátinn Icelandic Viking II og loks árið 1999 hafi þeir keypt bátinn Thee Viking. Á tímabilinu frá 1996 til ársloka árið 1999 hafi Jón Gerald innheimt hlutdeild Jóns Ásgeirs og Jóhannesar Jónssonar varðandi fjármögnun og rekstur bátanna með útgáfu reikninga sem upphaflega voru stílaðir á Bónus en síðar Gaum.

Jóhannesi er nú sýnt yfirlit þeirra reikninga Nordica Inc. sem afhentir hafa verið af Baugi-Group hf. vegna Bónus sf. sem og þeir reikningar Nordica Inc. sem afhentir hafa verið af Gaumi ehf. Um er að ræða þá reikninga sem Jón Gerald hefur gert grein fyrir og sagt að varði innheimtu hans á hlutdeild Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í kostnaði við fjármögnun og rekstur bátanna. Jóhannesi er kynnt að á yfirlitinu komi einnig fram bókhaldsfærsla umræddra reikninga og hver greiðandi hafi verið hverju sinni. Umræddir reikningar liggja einnig frammi og honum kunnert að hann sé ekki grunaður um fjárdrátt varðandi þessa reikninga sérstaklega.

G/06837

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Nr. reiknings	Dags. reiknings	Fjárhæð reiknings	Greiðandi	Fjárhæð USD	Reikn.lykill í bókhaldi greiðanda	Fjárhæð ISK
99089		7.269,59	Gaurur	10.296,91	Nordica	743.932,00
99082		3.027,32		10.296,91		743.932,00
99071	26.8.1999	7.230,02	Gaurur	7.230,02	Nordica	528.736,00
				7.230,02		528.736,00
99058	7.7.1999	9.499,39	Gaurur	9.499,39	Nordica	709.644,00
				9.499,39		709.644,00
99057	7.7.1999	6.962,00	Gaurur	6.962,00	Nordica	526.918,00
				6.962,00		526.918,00
99049	7.6.1999	5.230,80	Baugur hf.	5.230,80		
				5.230,80		526.918,00
99040	15.4.1999	5.455,85	Gaurur	5.456,00	Nordica	401.532,00
				5.456,00		401.532,00
99034	15.3.1999	8.670,25	Gaurur	8.670,25	Nordica	626.185,00
				8.670,25		626.185,00
99018	11.2.1999	7.126,79	Gaurur	7.126,79	Nordica	512.355,00
				7.126,79		512.355,00
98153	15.12.1998	5.759,76	Ísaldi	5.759,76	Nordica	402.919,00
				5.759,76		402.919,00
98149	11.11.1998	4.608,69	Ísaldi	4.608,69	Nordica	322.240,00
				4.608,69		322.240,00
98112	14.9.1998	9.185,73	Ísaldi	9.185,73	Nordica	645.346,00
				9.185,73		645.346,00
98089	4.8.1998	6.999,43	Ísaldi	6.999,43	Nordica	502.179,00
				6.999,43		502.179,00
98065	6.7.1998	6.334,92	Ísaldi	6.334,92	Nordica	457.664,00
				6.334,92		457.664,00
98060	16.6.1998	6.674,30	Ísaldi	6.674,30	Nordica	477.078,00
				6.674,30		477.078,00
98041	15.5.1998	5.572,31	Bónus sf.	3.344,22	Ísaldi	208.313,00
				2.228,09	Jón Ásg. Jóh.	192.004,00
				5.572,31		400.317,00
98026	7.4.1998	8.520,55	Bónus sf.	8.520,55	Gaurur	615.461,00
				8.520,55		615.461,00
98017	9.3.1998	10.095,11	Bónus sf.	10.095,11	Gaurur	82.622,00
					Ferðakostnaður	656.673,00
				10.095,11		739.295,00
98006	10.2.1998	2.173,57	Bónus sf.	2.173,57	Ísaldi	158.403,40
				2.173,57		158.403,40

Sp. Af-
06838

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

97133	6.12.1997	3.796,87	Bónus sf.	3.796,87	Ferðakostnaður	272.768,00
				3.796,87		272.768,00
97087	3.10.1997	9.655,56	Bónus sf.	9.655,56	Ísaldi	564.076,00
					Ferðakostnaður	127.246,00
				9.655,56		691.322,00
97078	5.9.1997	10.416,09	Bónus sf.	10.416,09	Gaumur	447.970,00
					Ferðakostnaður	304.605,00
				10.416,09		752.575,00
97066	9.7.1997	5.755,94	Bónus sf.	2.918,00	Gaumur	208.403,00
				1.050,00	Tölvuþjónusta	74.991,00
				1.788,00	Ferðakostnaður	129.050,00
				5.756,00		412.444,00
97048	6.6.1997	5.031,16	Gaumur	1.271,00	Biðreikningur	89.693,00
			Bónus sf.	3.760,00	Hof hf.	266.256,00
				5.031,00		355.949,00
97043		6.515,34	Ísaldi	6.515,34	Biðreikningur	466.210,40
				6.515,34		466.210,40

Jóhannesi er gefinn kostur á að gera nánari grein fyrir þessum reikningum.

Jóhannesi kveðst kjósa að gera það ekki.

Jóhannes er spurður hvort hann geti skýrt ástæðu þess að á reikningum nr. 97048, 97066 og 98017 hefur verið handritað m.a. skýringin “bátur” við kostnaðarliðina “Rent” - “Storage rent” – “Storage rent Key B” og “Bank charges old b” en þar virðist sem um sé að ræða handritaðar skýringar fyrir starfsfólk í bókhaldi varðandi færslumáta reikninganna.

Jóhannes kveðst engar skýringar kunna á þessu.

Jóhannesi er nú kynntur framburður Jóns Gerald Sullenberger sem hann gaf hjá lögreglu þann 20.06.2005 og liggur sú framburðarskýrsla frammi. Jón Gerald var meðal annars beðinn um að gera grein fyrir reikningi Nordica Inc. nr. 97048 og kom m.a. eftirfarandi fram:

“...Seinni hluti reikningsins varði hins vegar fjármögnun og rekstur bátsins. Til að skýra það nánar þá segir hann að USD 1.060,- sé helmingur af mánaðarlegri afborgun af því USD. 135.000,- láni sem Jón Gerald hafði tekið hjá Ready State Bank til að fjármagna kaupin á bátinum Viking I. Hann hafði þarna verið að innheimt endurgreiðslu af þeim helmingshlut sem Jón Ásgeir hafði átt að borga af því láni.”

Jón Gerald kveðst einnig hafa innheimt kostnað af Bandarískum farsíma Jóns Ásgeirs samtals USD. 61,16. Jón Gerald kveðst auk þess hafa innheimt hafnargjöld með þessum reikningi samtals USD. 150,-. Aðspurður segir Jón Gerald ástæðu þess að gjaldaliðurinn varðandi lánið sé með skýringunni “Rent” og hafnargjöldin með skýringunni “Packaging storing deliverin” sé sú að Jón Ásgeir hafði ekki viljað að það kæmi augljóslega fram á reikningnum að um væri að ræða kostnaðarliði vegna fjármögnunar og reksturs bátsins og því hafði skýringarnar verið settar fram með þessum hætti. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.”

Jóhannes er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar og kynnt að framburður Jóns Gerald varðandi alla ofangreinda reikninga hafi verið á sömu lund.

Jóhannes segir að hann hafi engu við fyrri framburð sinn að bæta varðandi þessi bátamál og kveðst ekkert hafa um þennan framburð Jóns Geralds að segja.


Jóhannesi er kynnt að þann 29.08.2002 hafi lögregla óskað eftir þeim bókhaldsgögnum Gaums ehf. sem vörðuðu viðskipti við Nordica Inc. Það hafi vakið athygli rannsóknara að þann 31.08.2002 er staða viðskiptareiknings Nordica Inc. í bókhaldi Gaums kr. 2.404.871. Fjárhæðin samanstendur af færslum sem byggjast á greiðslum vegna VISA greiðslukorts Jóns Geralds í nafni Gaums ehf og allar eru skráðar í bókhald Gaums þann 31.08.2002, eða örfáum dögum eftir hútleit ríkislögreglustjóra í höfuðstöðvum Baugs hf. í Skútuvogi og eftir að rannsóknarar höfðu óskað eftir umræddum gögnum frá Kristínu Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra Gaums ehf. Færslurnar eru vegna leiðréttinga á fyrri færslum í bókhaldi félagsins og ná allt aftur til ársins 1999 og erum ýmist leiðréttingar á áður gjaldfærðum ferðakostnaði (736.084 kr.) eða millifærslur af viðskiptamannareikningi í nafni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar (1.671.787 kr.) í bókhaldi Gaums. Umræddar leiðréttingar eru eftirfarandi:

Bakfært (eignfært) pr. 31.08.2002					Færslur áður færðar í bókhaldi Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf.				
0006-0007 Nordica, USA									
Fskj.		Fjárhæð	Fjárhæð		Fskj.	Dags.	Reikn.	Fjárhagsbókhald	Viðskiptamannabókhald
		ISK	USD			bókað pr.	lykill		
a	363	Visa (03.11.99)	387.831	5.490	356	31.12.1999	39262	Ferðakostnaður erl. án vsk	
a	364	Visa (06.01.00)	128.233	1.756	69	31.1.2000	392262	Ferðakostnaður erl. án vsk	
a	365	Visa (04.05.00)	118.308	1.539	37	5.5.2000	392262	Ferðakostnaður erl. án vsk	
a	366	Visa (05.07.00)	101.712	1.328	81	31.7.2000	392262	Ferðakostnaður erl. án vsk	
b	367	Visa (03.09.99)	241.014	3.289	254	30.9.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	368	Visa (03.02.00)	270.948	3.725	400	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	369	Visa (03.03.00)	126.859	1.743	400	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	370	Visa (05.04.00)	154.097	2.076	400	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	371	Visa (06.06.00)	358.065	4.610	401	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	372	Visa (03.08.00)	113.445	1.437	401	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	373	Visa (05.09.00)	575.843	7.148	401	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	374	Visa (04.10.00)	570.924	6.715	404	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
a	375	Visa (05.08.99)	13.672	180	230	30.9.1999	52210	Vaxtagjöld af..	
b	376	Lr. 371, 2000	(478.679)		371	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Vskm. 0006-0007 Nordica USA
b	376	Visa (03.11.00)	195.351	2.273					
b	377	Lr. 329, 2000	(472.552)		329	31.12.2000	73110	Innl.viðsk.kröfur /Nordica	Vskm. 0006-0007 Nordica USA
			2.404.871	43.309					
a		Mótfærsla til lækkunar gjöldum		749.756					
b		Mótfærsla á "viðskiptareikning" JAJ		1.655.115					
				2.404.871					

Jóhannes er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum breytingum í bókhaldi Gaums ehf. sem ná allt aftur til ársins 1999, en ljóst er að félagið hafði skilað ársreikningum sem byggðust m.a. á upphaflegu færslunum.

Jóhannes kveðst ekkert kannast við þessar leiðréttingar.

Jóhannesi er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 1. júní 2005, varðandi þá reikninga sem Nordica Inc. sendi á Baug á árunum 1999-2002 og grunur leikur á að varði fjármögnun og rekstur bátsins Thee Viking. Í umræddri skýrslu Deloitte er gerð grein fyrir þeim reikningum og færslumáta þeirra í bókhaldi Baugs. Jóhannesi er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggist á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrslna.

 06840


Jóhannes er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jóhannes segir svo ekki vera.

Jóhannes hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirllestri skýrslu lokið mánudaginn 27. júní 2005 kl. 16:12


Yfirlesið staðfest rétt


Jóhannes Jónsson

Skýrslu gerir


Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu, staðfest rétt


Einar Þór Sverrisson, héraðsdómslögmaður

Viðstaddur og þátttakandi við yfirheyrslu


Grímur Grímsson, lögreglufulltrúi